

Skagafjarðarveitur ehf.

Fundur 74 – 08.14.2006

Mánudaginn 14. ágúst, árið 2006, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 16.30 að Borgarteigi 15 Sauðárkróki.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Einar Gíslason, Páll Dagbjartsson og Pétur Valdimarsson, Páll Pálsson veitustjóri og Árni Egilsson sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Gagnaveita Skagafjarðar.
2. Hitaveitukostir í Skagafirði.
3. Staða framkvæmda.
4. Önnur mál.

AFGREIÐSLUR:

Einar Gíslason setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Áskell Heiðar Ásgeirsson sviðsstjóri mætti á fundinn fór yfir og kynnti þá vinnu sem hefur verið unnin vegna stofnunar Gagnaveitu Skagafjarðar.
Lagt fram til kynningar samkomulag milli Kaupfélag Skagfirðinga og tengdra félaga annars vegar og Skagafjarðarveitna ehf. Sv. Skagafjarðar og Byggðarstofnunar hins vegar vegna samnings um aðgerðaráætlun Gagnaveitu Skagafjarðar. Tilgangur samkomulagsins er að setja skilmála vegna skulbindinga sem fram koma í aðgerðaráætlunni.
2. Bragi Þór Haraldsson frá Stoð ehf. verkfræðistofu kynnti fyrirbyggjandi hitaveitukosti í Skagafirði, en verkfræðistofan hefur verið að vinna að úttekt á hitaveitukostum í Skagafirði fyrir Skagafjarðarveitur ehf.
Samþykkt að gera úttekt hitaveitukostum fyrir Dalsplássið og frá Hverhólum.
3. Páll Pálsson fór yfir stöðu framkvæmda hjá Skagafjarðarveitum ehf.
4. Önnur mál. Engin

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.40

Árni Egilsson (sign)

Páll Pálsson (sign)

Einar Gíslason (sign)

Páll Dagbjartsson (sign)

Pétur Valdimarsson (sign)

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.